

FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR

HALDINN 21.11.2018 Á KIRKJUBÆJARSTOFU Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

Kl. 16:00

Fundur nr. 162

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson Formaður (D), Einar Bárðarson (D), Davíð Andri Agnarsson (D),
Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) og Fanney Ásgeirsdóttir (Z).

Einar Bárðarson ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

1) Kl. 16:00 Fræðslunefnd.

a) Almenn um skólastofnanirnar.

Formaður fer yfir skólastofnanir Skaftárhrepps. Mannauðsstjóri kom í Kirkjubæjarskóla í apríl og er beðið eftir niðurstöðum úr viðtölum og þeirri vinnu sem mannauðsstjóri vann í Kirkjubæjarskóla.

b) Málefni 5 ára barna.

Formaður fer yfir hugmyndir um málefni 5 ára barna. Upp hafa komið hugmyndir um að koma upp 5 ára bekk í Kirkjubæjarskóla og vinna þar mögulega með vanda sem steðjar að leikskólanum vegna plássleysis. Fræðslunefnd hefur áhuga á að skoða nánari útfærslu á því að koma á fót 5 ára bekk í Kirkjubæjarskóla á Síðu og fara í kynningarferð á stað sem slíkt fyrirkomulag hefur verið notað í einhvern tíma til að kynna sér aðstæður og reynslu af slíkri samvinnu milli skólastiga.

c) Önnur mál.

Engin önnur mál.


DAA
EB
AH
FA

2) Kl. 16:30 Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Katrín Gunnarsdóttir Skólastjóri, Lilja Hrund Harðardóttir fulltrúi foreldra og Linda Agnarsdóttir fulltrúi kennara mæta á fundinn.

a) Drög að skóladagatali.

Skólastjóri fer yfir drög að skóladagatali fyrir Kirkjubæjarskóla veturinn 2019-2020. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við framkomin drög að skóladagatali Kirkjubæjarskóla fyrir veturinn 2019-2020

Fulltrúi kennara spyr hvers vegna ekki sé búið að kynna dagatalið fyrir kennurum. Formaður leggur áherslu á að einungis er um drög að ræða og eftir er að fara í vinnu með kennurum vegna skóladagatalsins.

b) Staða í starfsmannamálum/ráðningamálum.

3 kennarar hafa sagt upp störfum við Kirkjubæjarskóla og einn kennari fer í leyfi veturinn 2019-2020 og einn kennari er í fæðingarorlofi.

Auglýst hefur verið eftir kennurum í Kirkjubæjarskóla á Síðu fyrir veturinn 2019-2020. Alls vantar 3,5 stöðugildi við Kirkjubæjarskóla fyrir skóla árið 2019-2020. Umsóknir hafa borist um stöður en auglýsa þarf aftur þar sem fagmenntaðir kennarar sóttu ekki um öll störfin og þarf því að auglýsa þær stöður aftur og verður það gert innan skamms. Einnig á að auglýsa eftir sérkennara sem ekki hefur verið starfandi veturinn 2018-2019.

Fulltrúi kennara bendir á að á heimasíðu sveitarfélagsins klaustur.is er ekki búið að setja inn auglýsingar um lausar stöður kennara við Kirkjubæjarskóla en inn á Klaustur.is eru gamlar auglýsingar um störf sem búið er að ráða í eða starfauglýsingarnar eru útrunnar.

c) Heilsueflandi grunnskóli.

Reglulega hafa komið upp hugmyndir um að gera Kirkjubæjarskóla á Síðu að heilsueflandi grunnskóla. Skólastjóri hefur skoðað ferlið sem þarf að fara í gegn um til að gera Kirkjubæjarskóla á Síðu að heilsueflandi grunnskóla. Fræðslunefnd lýsir áhuga á að gera Kirkjubæjarskóla á Síðu að heilsueflandi grunnskóla og hvetur skólastjóra til að setja í gang vinnu við að gera skólann að heilsueflandi grunnskóla.

d) Jákvæður agi / endurskoðun skólaregla.

Skólastjóri hefur kynnt sér stefnu um jákvæðan aga í skólastarfi og lýsir áhuga á að vinna með þá stefnu. Endurskoða þarf skólareglur Kirkjubæjarskóla og við endurskoðun á skólareglum verði unnið með jákvæðan aga í endurskoðuninni.

Fræðslunefnd lýsir áhuga á að unnið verði nánar með að marka stefnu fyrir Kirkjubæjarskóla en nauðsynlegt er að haft verði samráð innan skóla, við foreldrasamfélagið og starfsmenn skólans um hvaða stefnu skal taka með skólastarf í Kirkjubæjarskóla á Síðu.

Handwritten signatures and initials: A large blue signature, 'AJH', 'DAA', 'E.A.', and 'E.S.'.

- e) Húsnæði Kirkjubæjarskóla.
Búið er að klára vinnu við klósett. Skólastjóri lýsir því að vinna þurfi að viðhaldi í skólanum í sumar og fara í viðgerðir innandyra ásamt málingarvinnu í stofum í skólanum.
- f) Málefni 5 ára barna.
Fræðslunefnd fjallaði áður um viðfangsefnið í lið 1/b
Skólastjóri fer yfir málið og telur að spennandi gæti verið að fara í verkefni með 5 ára bekk í Kirkjubæjarskóla. Skólastjóri leggur þó áherslu á að vanda þurfi vel til verka og hafa náið samráð um verkefnið.
- g) Önnur mál.
Engin önnur mál.

3) Kl. 17:30 Tónlistarskóli Skaftárhrepps.

Zbigniew Zuchowicz Skólastjóri mætir til fundarins

- a) Skólastjóri fer yfir starfið í vetur.
Skólinn hefur tekið virkan í uppákomum í vetur. Nemendur tónlistarskólans tóku þátt í Uppskeruhátíð, Starfi með kirkjukórnum og héldu jólatónleika svo eitthvað sé nefnt.
Tónlistarskólinn tók þátt í árshátíð Kirkjubæjarskóla í vetur. Síðasta vetrardag voru tónleikar á Klausturhólum með nokkrum nemendum úr tónlistarskólanum og ásamt kirkjukórnum.
Nemendum fjölgaði um 1 um áramót, tveir hættu námi um áramótum en 3 hófu nám um áramót. Í dag eru 17 börn og 2 fullorðnir nemendur við Tónlistaskólann.
Nemendur eru nú um þessar mundir að fara í gegn um árspróf og fá nemendur prófeinkunn og vetrareinkunn eftir veturinn.
Kennslu tónlistarskólans lýkur samhliða grunnskólanum.
- b) Flutningur tónlistarskólans.
Skólastjóri fer yfir hugsanlegar breytingar og flutning á tónlistarskólanum innan veggja Kirkjubæjarskóla. Skólastjóri fór á kynningarfund um innraskipulag í Kirkjubæjarskóla 8.mars.
Skólastjóra lýst ekki of vel á hugmyndir um flutning og telur að huga þurfi vel að breytingunum. Breytingin felur í sér minnkun á rými um 30% að flatarmáli og óskar skólastjóri eftir því að fleiri lausnir verði skoðaðar með flutning á Tónlistarskólanum.
- c) Önnur mál.
Engin önnur mál


HSH
DAA
EB

4) Kl. 18:00 Heilsuleikskólinn Kærabær.

Guðrún Sigurðardóttir Leikskólastjóri mætir á fundinn
Unnur Blandon fulltrúi foreldra mætir á fundinn

a) Drög að skóladagatali.

Skólastjóri fer yfir drög að skóladagatali

Fræðslunefnd þakkar góða yfirferð á skóladagatali og hefur engar athugasemdir við það.

b) Padled. Kynning frá skólastjóra Kærabæjar.

Skólastjóri hefur innleitt Padled skipulagsforrit þar sem allir kennarar og leiðbeinendur í leikskólanum hafa aðgang að sínu svæði. Padled heldur utan um innra skipulag á starfi leikskólans. Padled sparar mikið í notkun á pappír og prentefnum og passar því vel við grænfánastefnu Leikskólans Kærabæjar. Fræðslunefnd þakkar góða yfirferð og lýsir ánægju sinni með innleiðinguna á Padled

c) Málefni 5 ára barna.

Skólastjóri lýsir sýn sinni á hugmyndinni og lýsir ákveðnum áhyggjum með verkefnið og telur að varlega þurfi að fara í innleiðingu á verkefninu. Verkefnið getur verið jákvætt á margan hátt og ef innleiða á verkefnið þarf að vanda mjög vel til verka.

d) Önnur mál.


Skólastjóri hefur áhuga á að breyta skipulagi á starfsfyrirkomulagi innan leikskólans. Í dag er engin til taks í fasta afleysingu og einnig þarf að bæta í starfsmann í eldhús og aðra umsýslu innandyra í leikskólanum. Fræðslunefnd óskar eftir að fá nánari útfærslu á skipulagsbreytingunni og skoðun á því hvort breytingarnar rúmist innan fjárhagsáætlunar Heilsuleikskólans Kærabæjar.

Fleira ekki gert á fundi. Fundi slitið kl 19:10


Þorsteinn M. Kristinsson


Davíð Andri Agnarsson


Arndís Harðardóttir


Fanney Ásgeirsdóttir

Einar Bárðarson

Einar Bárðarson

